

**ÁKVÖRÐUN nr. 191****frá 18. júní 2003****um að evrópska sjúkratryggingakortið komi í stað eyðublaðanna E 111 og E 111 B****(Texti sem varðar EES og samning ESB og Sviss)**

(2003/753/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ HEFUR,

með hliðsjón af ákvörðun framkvæmdaráðsins nr. 189 frá 18. júní 2003 sem miðar að því að taka upp evrópskt sjúkratryggingakort í stað eyðublaða sem eru nauðsynleg til beitingar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72, að því er varðar aðgang að heilbrigðisaðstoð meðan á tímabundinni dvöl stendur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki eða búseturíkinu <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af ákvörðun framkvæmdaráðsins nr. 190 frá 18. júní 2003 um tækniforskriftir fyrir evrópska sjúkratryggingakortið <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af ákvörðun framkvæmdaráðsins nr. 187 frá 27. júní 2002 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 111 og E 111 B) <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í orðsendingu frá 17. febrúar 2003 um innleiðingu evrópska sjúkratryggingakortsins <sup>(4)</sup> setti framkvæmdastjórnin fram áætlun um að það leysi af hólmi, í þremur áföngum, þau eyðublöð sem nú er krafist til að geta fengið heilbrigðisaðstoð meðan á tímabundinni dvöl stendur í öðru aðildarríki en lögbæra ríkinu eða búseturíkinu. Í fyrsta áfanga (frá 1. júní 2004) felst að evrópska kortið komi einungis í stað eyðublaða E 111 og E 111 B sem algengast er að evrópskir ríkisborgarar, sem flytjast innan Bandalagsins, noti.
- 2) Til að forðast það að þurfa að afturkalla eyðublöð E 111 og E 111 B, sem gefin voru út áður en evrópska kortið tók gildi og eru ennþá gild, verður að tryggja að áfram verði tekið við eyðublöðunum á sama grundvelli og evrópska kortinu til 31. desember 2004.
- 3) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 <sup>(5)</sup> er, eins og sakir standa, kveðið á um að tryggðir einstaklingar hafi mismunandi rétt til aðgangs að heilbrigðisaðstoð á meðan dvalið er tímabundið í öðru aðildarríki en í hinu lögbæra aðildarríki eða búseturíki, sem fer eftir því hvaða hópi hinn tryggði tilheyrir, og greinarmunur er gerður á „heilbrigðisaðstoð sem er nauðsynleg án tafar“ og „nauðsynlegri heilbrigðisaðstoð“. Á meðan þessi aðgreining er til staðar verður að standa á kortum annaðhvort „E 111“ eða „E 111 +“.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 276, 27.10.2003, bls. 1 .

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 276, 27. 10. 2003, [...], bls. 4 .

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 93, 10.4.2003, bls. 40.

<sup>(4)</sup> COM(2003) 73 lokaútg.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2).

- 4) Vegna þess hversu fjölbreytilegar innlendar aðstæður eru að því er varðar sjúkratrygginga- og almannatryggingakort er nauðsynlegt að aðildarríki, sem hafa ekki sjúkratryggingakort sem stendur, geti óskað eftir aðlögunartímabili til að gera stofnunum sínum kleift að innleiða evrópska kortið við bestu mögulegu aðstæður. Slíkt tímabil, sem skyldar stofnanir hinna aðildarríkjana til að halda áfram vinnslu pappírseyðublaða samhliða kortinu, má þó ekki lengra en nauðsyn krefur og skal því ljúka eigi síðar en 31. desember 2005.
- 5) Veita má nýjum aðildarríkjum aðlögunartíma með sama fyrirkomulagi. Þau verða að tilkynna framkvæmdaráðinu fyrir 1. júní 2004 að þau óski eftir slíku aðlögunartímabili.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Frá og með 1. júní 2004 skal evrópska sjúkratryggingakortið (hér á eftir nefnt „evrópska kortið“) leysa af hólmi eyðublöð E 111 og E 111 B, sem um getur í ákvörðun nr. 187 og veita rétt til endurgreiðslu kostnaðar vegna heilbrigðisaðstoðar meðan dvalið er tímabundið í öðru aðildarríki en lögbæra ríkinu eða búseturíkinu.

Eyðublöð E 111 og E 111 B, sem gefin eru út fyrir 31. maí 2004, gilda áfram til 31. desember 2004 í síðasta lagi nema að á þeim komi fram að gildistími þeirra sé styttri.

*2. gr.*

Á evrópska kortinu skal standa annaðhvort „E 111 +“, sem veitir handhafa rétt til nauðsynlegrar heilbrigðisaðstoðar meðan á tímabundinni dvöl stendur, eða „E 111“ sem veitir handhafa einungis rétt til heilbrigðisaðstoðar sem er nauðsynleg án tafar meðan á tímabundinni dvöl stendur.

*3. gr.*

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um hagnýtt og tæknilegt fyrirkomulag til að innleiða evrópska kortið frá 1. júní 2004.

Þetta fyrirkomulag getur t.d. falist í því að ný kort, sem þjóna einnig sem evrópsk kort, komi smám saman í stað gildandi innlendra sjúkratryggingakorta.

*4. gr.*

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdaráðinu fyrir 1. mars 2004 um áætlanir sínar varðandi innleiðingu evrópska kortsins.

*5. gr.*

Þrátt fyrir 1. gr. kann aðlögunartímabil, sem má þó ekki standa lengur en til 31. desember 2005, að gagnast aðildarríkjum þar sem stofnanir hafa ekki sjúkratryggingakort þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Aðildarríki, sem óska eftir aðlögunartímabili, skulu tilkynna framkvæmdaráðinu um það fyrir 1. desember 2003. Framkvæmdaráðið skal gera skrá yfir þau aðildarríki þar sem stofnanir mega halda áfram að gefa út pappírseyðublöðin E 111 og E 111 B og ákveða hvaða dag aðlögunartímabilinu, sem þau óska eftir, skuli ljúka.

Þar til aðlögunartímabilinu, sem aðildarríki þar til bærrar stofnunar eða stofnunar á búsetustað er veitt, lýkur skulu stofnanir hinna aðildarríkjanna viðurkenna og samþykkja eyðublað E 111 og E 111 B með sömu skilyrðum og evrópska kortið og tilkynna það veitendum heilbrigðisþjónustu á yfirráðasvæði sínu.

6. gr.

Ákvörðun nr. 187 falli úr gildi frá og með 1. janúar 2006.

7. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir birtingu hennar.

*Fyrir hönd ráðsins,*

Theodora TSOTSOROU

*Formaður framkvæmdaráðsins.*

---